

Mál nr. 149/2008

M og

Vátryggingafélagið V v starfsábyrgðartryggingar lögmannsins L

Krafa um bætur úr starfsábyrgðartryggingu lögmanns vegna tjóns M þ.24.8.1999.

Gögn.

1. Málskot móttengið þ. 7.8.2008 ásamt fylgiskjöllum 1-14
2. Bréf V dags. 9.4. og 12.8.2008

Málsatvik.

M heldur því fram að hún hafi leitað til L árið 2001 og veitt honum umboð til að innheimta bætur vegna tímabundinna og varanlegra afleiðinga umferðarslyss sem M varð fyrir þ. 24.8.1999. M segir að L hafi ekkert aðhafst í málinu þrátt fyrir tilraunir sínar til að reka á eftir málinu og hafi M því leitað til annars lögmanns árið 2005, sem hafi höfðað mál vegna slyssins það ár. Dómur hafi fallið í málinu í júní 2007 og þar hafi tryggingafélagið sem hlut átti að máli verið sýknað þar sem að krafan hafði fyrnst þ. 1. janúar 2005. L segir að M hafi leitað til sín árið 2001 vegna slyssins 1999 en eftir það hafi hún haft lítið samband og þrátt fyrir óskir um greiðslur vegna fyrirhugaðrar gagnaöflunnar hafi engar greiðslur borist frá M. L segir að M hafi haft samband tvívegis árið 2001 og ekkert eftir það og hafi hann litið svo á að M væri hætt við málið og "lagt það upp". M gerir kröfu í starfsábyrgðartryggingu L hjá V. V hafnar bótaskyldu og telur M ekki hafa sýnt fram á saknæma vanrækslu L og L hafi óskað eftir greiðslu og greiðslan verið forsenda þess að eitthvað yrði aðhafst í málinu. Þá segir V að alfarið sé ósannað að um saknæma vanrækslu L hafi verið að ræða.

Álit.

Í málinu liggur ekki fyrir umboð M til L hins vegar liggur fyrir umboð sem að M gefur öðrum lögmanni 28. nóvember 2005 þar sem að hún afturkallar umboð veitt L til að annast um bótamál sitt. Í bréfi sínu til síðari lögmanns M dags 20.11.2007 viðurkennir L hins vegar að M hafi leitað til hans sem lögmanns vegna slyssins 1999. Bréf L frá 20.11.2007 verður ekki skilið með öðrum hætti en þeim að hann hafi tekið að sér á árinu 2001 að reka mál fyrir M sem vörðuðu bætur vegna slyssins sem hún varð fyrir þ. 24.8.1999. Af hálfu L er því haldið fram að M hafi tvisvar komið á skrifstofu lögmannsins árið 2001 og ekkert eftir það. Þá segir L að óskað hafi verið eftir greiðslum vegna fyrirhugaðrar gagnaöflunar en L hefur ekki lagt neitt fram því til sönnunar að slík ósk hafi verið borin fram við M. Þá segist L hafa litið svo á að M væri hætt við málið og "lagt það upp". Ekki liggur fyrir og ekki haldið fram af L að hann hafi varað M við að málið kynni að fyrnast innan ákveðins tíma. Þá liggur ekkert fyrir um það að L hafi vísað málinu frá sér eða farið fram á að M leitaði annars lögmanns. Ekkert liggur raunar fyrir um samskipti M og L annað en sem kemur fram í ofangreindu bréfi L og m.a. þær staðhæfingar M sem raktar eru í málavaxtalýsingu hér að framan.

Eins og rakið er hér að framan liggja ekki fyrir nein bréfaskipti milli L og M. Þá liggja heldur ekki nein skjalfest gögn um samskipti þeirra L og M.

Fyrir liggur örorkumat þar sem varanlegur miski M var metinn 12% og varanleg örorka 10%. Tjón M var því verulegt og skipti háum fjárhæðum og L mátti vera það ljóst þegar hann tók málið að sér að svo gæti verið. Þá lá fyrir að það skipti M miklu máli að hún fengi að vita réttarstöðu

sína og vöruð við að málið gæti fyrnst yrði fyrning ekki rofin með stefnu eða málinu lokið með samkomulagi. Ekki liggur fyrir að L hafi gert M grein fyrir þessum atriðum. Þá liggur ekki fyrir að L hafi óskað eftir greiðslu frá M eða gert henni grein fyrir að hann mundi ekki aðhafast frekar að í því máli sem hann hafði tekið af sér og ekki er um deilt að hann tók að sér fyrir M.

Að öllu ofangreindu virtu þá þykir L hafa gerst sekur um vítaverða vanrækslu á stöfum sínum sem lögmaður gagnvart M þar sem hann gerði henni ekki grein fyrir að hann hefði hætt að vinna í máli hennar. Þá varaði L M ekki við að hún gæti glatað rétti sem hún kynni að eiga yrði ekki aðhafst eitthvað í málinu fyrir ákveðinn tíma. Þegar af þessum ástæðum þykir M eiga rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu L hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu L hjá V.

Reykjavík 9.9. 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.